



LEB

Landssamband eldri borgara

368. – Stjórnarfundur LEB 18. mars 2023

Kl. 10.00 - Haldinn sem fjarfundur

Mættir:

Aðalstjórn: Helgi Pétursson, Drífa Sigfúsdóttir, Sigrún C. Halldórsdóttir og Ingibjörg H. Sverrisdóttir

Varastjórn: Ásgerður Pálsdóttir og Jónas Sigurðsson.

Fjarverandi: Þorbjörn Guðmundsson aðalstjórn og Ragnar Jónsson varastjórn

Viðar Eggertsson skrifstofustjóri LEB (í leyfi) sat fundinn og skrifaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar 27.02.2023

Samþykkt

2. Reglulegt streymi á fræðsluefni til aðildarféлага

Helgi og Ingibjörg reifuðu hugmyndir sínar um að fræðsluefni og -erindum yrði streymt reglulega til aðildarféлага. Tæknilega er það tiltölulega auðvelt. Búnaður ekki dýr og felst aðallega í skipulagningu og húsnæði.

Samþykkt að fela Helga og Ingibjörgu að kostnaðarmeta og koma með tillögu að framkvæmd.

3. Drög kjaranefndar LEB að tillögu fyrir landsfund

Farið yfir tillögu kjaranefndar og mikil ánægja með hana

Samþykkt að leggja hana fyrir landsfund LEB 2023.

Ingibjörg leggur til að í kjölfar þessarar tillögu kjaranefndar verði farið í skipulega herferð með reglulegum greinabirtingum í fjölmiðlum þar sem áhersluatriðin eru kynnt almenningi og stjórnvöldum.

Tóku stjórnarmenn vel í hugmyndina.

4. Lagabreytingar

Drífa og Helgi sem sitja í laganefnd (ásamt Hallgrími Gíslasyni, Akureyri) kynntu hugmyndir nefndarinnar. Voru hugmyndirnar ræddar.

Samþykkt að Drífa og Helgi komi með lokaútgáfu á næstastjórnarfund.

5. Uppstillingarnefnd

Rætt um mögulega nefndarmenn

Verður afgreitt á næsta stjórnarfund



LEB

Landssamband eldri borgara

6. Dagskrá Landsfundar

Stjórn ber að senda út dagskrá og tillögur sínar til aðildarfélaga 6 vikum fyrir landsfund, sem að þessu sinni verður haldinn 9. maí nk. svo formlegt.

Formanni félagsins í Borgarnesi verði boðið að bjóða alla velkomna í Borgarnes áður en formaður LEB setur landsfundinn formlega.

Hugmyndir ræddar um opna dagskrárliði, annars vegar ræðumaður með hugvekju áður en formleg aðfundarstörf hefjast að morgni og hins vegar tvenns konar kynningar að loknum nefndastörfum eftir hádegi.

Tillaga kom fram um Kára Stefánsson sem ræðumann með hugvekju og sitthvorn aðilann til að fjalla annars vegar um öldungaráð og hins vegar um aðgerðaráætlun um þjónustu við eldra fólk – *Gott að eldast*, eftir hádegi.

Bæjarstjórn mun bjóða landsfundarfulltrúum í fordrykk og snittur fyrir kvöldverð og Stefán Broddi Guðjónsson, sveitarstjóri Borgarbyggðar ávarpa gesti.

Þá á eftir að ganga frá afþreyingu í Borgarnesi eftir að formlegum landsfundarstörfum er lokið sem og skemmtiatriði í kvöldverði.

Formanni falið að ganga frá þessum dagskrárliðum.

7. Önnur mál

Þau gleðilegu tíðindi gerðust fyrr í mánuðinum að félags- og vinnumarkaðsráðherra hefur veitt LEB rekstrarstyrk í ár upp á kr. 15.000.000. formleg afhending fór fram 13. mars. Styrkurinn verður greiddur með jöfnum útborgunum væntanlega frá 1. maí nk.

Samþykkt að halda næsta fund laugardag 25. Mars kl. 10.00 sem fjarfund.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið kl. 11.10. Fundargerð ritaði Viðar Eggertsson.

Fundargerð samþykkt á stjórnarfundum 25.mars 2023

Helgi Pétursson formaður LEB